

Úti- málverk í austur- sal

KJARVALS-
STADIR

ALLNÝSTÁRLEG myndlistarsýning verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Á sýningunni verða sýnd 19 „emaléruð“ myndverk eftir Einar Hákonarson, en verk af þessu tagi hafa ekki verið sýnd hérlandis áður. Emaléruð myndverk eiga sér þó ævalanga sögu og til eru verk frá því um 3000 fyrir Krist á sumerískum menningarsvæðum og í Egyptalandi. Aðferðin gengur út á það að unnið er á málplötur, sem grunnaðar eru með finmöluðu gleri, blönduðu með vatni. Platan er síðan hituð í sérstökum ofni í 860 gráður. Mismunandi efna-sambönd mynda litina og er aðallega um að ræða ýmis oxíð-efni.

Aðferðin hefur orðið mjög vinsæl í Evrópu til skreytinga utanhúss sem innan vegna þess hve veður-polin hún er og þess frjálssa tjáningarmáta sem hún býður upp á.

Einar dvaldi fyrir nokkru í Gautaborg, þar sem hann nam þessa tækni undir leiðsögn eins þekktasta listamanns Svía á þessu sviði, Knut-Yngva Dahlbach, en emaléruð myndverk hans skreyta nú fjölda bygginga í Svíþjóð. Einar var spurður að því hvort þessi nýja tækni hefði einhverjar breytingar í för með sér hvað varðaði myndefni.

Í raun og veru hef ég yfirfært mín málverk á þessa tækni. Þegar ég kynntist henni fyrst komst ég fljótt að raun um að hún var mjög nálægt vatns-litamálun, að því leyti að hægt var að vinna mjög frjállega, einnig að maður gat málað yfir og látið undirlitinn koma í gegn. Það er einmitt alþekkt með vatnslitinn að hann heldur svo tærleika sínum. Við það að sjá hvað litirnir urðu tærir og að það var hægt að mála þetta frjállega með þeim, auk þess sem þeir gætu haldið við hvaða veður-skilyrði sem er, var auðvitað mjög spennandi að prófa þetta.

Hingað til hefur maður bara vituð að litir í glermósaik héldu íslenskri veðráttu. Engin önnur aðferð, með öðrum litum hefur haldið; litirnir hafa alltaf upplitast. En ef menn muna eftir gömlu emaléruðu götuskiltunum, sem voru hvít og blá og ég býst við að enn séu til á húsum, þá breytast

litirnir ekki mikið á þeim í tímans rás. Þess vegna held ég að við séum hér komin með aðferð sem hentar mjög vel fyrir íslenskar aðstæður, til skreytinga utan á byggingar.“

Stendur það til?
„Það hefur verið gert. Fyrir nokkrum árum var sérstökum Listskreytingasjóði ríkisins komið á laggirnar. Meiningin var að láta gera, eða kaupa, listaverk á opinberar byggingar og á grunnskóla. Mig minnir að lögin kveði á um að 1% af A-fjárlögum ríkisins skuli renna í þennan sjóð. En lögunum hefur aldrei verið framfylgt upp að því marki, þótt eitthvað hafi verið keypt og nokkur verk gerð eftir að sjóðurinn var stofnaður. Lögin kveða á um að forstöðumenn stofnana sækji um fjárveitingu úr sjóðnum til myndskreytinga, þannig að hann varð breyting til batnaðar, þótt vissulega mætti gera meira af þessu.

En ég tel líka alveg tímabært að koma fram með nýja tækni, sem hentar vel íslenskum aðstæðum. Reyndar þarf að laga lög þessa sjóðs, vegna þess að það vantar millistig, þannig að þeir sem sækja um styrk úr sjóðnum geti sótt um fjárveitingu til að láta listamenn gera tillögur. Núna verða listamenn að gera tillögur upp á von og óvon. Ef tillögunni er hafnað fær hann ekkert fyrir sína vinnu.

Það mundi enginn koma til arki-

samvinna mætti vera milli arkitekta og myndlistarmanna, ef skreytingar eiga að koma til — og þá meina ég alveg frá byrjun.

Sumir arkitektar hafa fullan skilning á þessu, en það fer ansi mikið eftir því hvar þeir hafa hlotið sína menntun. Á árum áður, þegar ég var við nám í Svíþjóð, voru sameiginleg verkefni lögð fyrir myndlistar- og arkitektanema, einmitt í því augnamiði að kenna okkur að vinna saman. Það var mjög gefandi fyrir báða aðila. Ég hef aðeins einu sinni átt kost á slíku samstarfi hér og það var við Gunnar Hansson arkitekt sem nú er því miður látinn, langt fyrir aldur fram. Það var á Hólabrekkuskóla og Ölduselsskóla. Þá vann ég mósaikverk, sem ég reyndar vann algerlega sjálfur. Venjan er hinsvegar að mósaikverk sé unnin á verkstæði í Þýskalandi og ég held að þetta séu einu mósaikverkin sem hér hafi verið unnin.

Þessi emaléruða tækni hefur ýmsa kosti umfram glermósaik. Til dæmis er miklu léttara að eiga við þetta efni. En hér á Íslandi er auðvitað ekki til neitt verkstæði til að vinna þau. Ég gerðist hinsvegar félagi í verkstæðinu úti í Svíþjóð og get farið þangað að vinna hvern sem ég vil.

Ég held að þessi tækni passi minni myndgerð mjög vel, vegna þess að ég get beitt penslinum á mjög frjálselegan hátt og mín mynd-

tæknin er fyrst og fremst notuð til skreytinga. Á þessari sýningu er ég hinsvegar með lítil verk; að einu verki undanskildu eru þau ósamsett. Hinsvegar er alveg öruggt að svona sýningu held ég aldrei aftur, því áframhaldið verður fyrst og fremst skreytingar. Þessi sýning er kynning á tækninni.“

— Hvað er svona spennandi við að vinna verk til skreytinga?

„Það er fyrst og fremst stærðin. Það er mjög sjaldgæft að málara fái tækifæri til að gera stór málverk, nema til skreytinga.

En ég er samt með fullan kjallara heima hjá mér af stórum málverkum sem ég hef gert í gegnum árin. Meira að segja gríðarstórt verk, sem var gert í samráði við Húsameistara ríkisins, fyrir Hæstarétt.“

— Af hverju er það ekki í Hæstarétti?

„Það er nú saga að segja frá því. Þannig var, að ég hitti húsameistara ríkisins einn dag á förnum vegi, rétt eftir að búíð var að koma Listskreytingasjóði á. Ég spurði hvort hann hefði ekki áhuga á að láta skreyta byggingar sem í hans umsjá væru. Hann varð strax mjög áhugasamur og stuttu seinna bauð hann mér að skoða Hæstarétt byggingar, þar á meðal Hæstarétt.“

Þegar ég kem inn í Hæstarétt verð ég strax fangaður af því dramatiska andrúmslofti sem mér fannst vera þar og varð gagntekinn



Rætt við Einar Hákonarson sem opnar sýningu á emaléruðum myndverkum í dag

ást mjög stutt. Áhrifa þeirra gætir ekki á yngri listamenn; þeir þora ekki að taka sjálfstæðar ákvarðanir í listsköpun sinni, heldur leitast þeir við að gera myndir sem þeir halda að falli umræddum listsagnfræðingum í geð.“

— Ertu að segja að myndlistarmenn séu hættir að móta myndlistarsöguna, en í staðinn séu komnir listfræðingar sem búa til myndlistartísku?

„Akkúrat!
Því miður sér maður það nú þegar um allan hinn vestræna heim, hvaða áhrif þetta hefur haft. Menn þurfa ekki að skoða nema eitt nútímalistasafn í Evrópu eða Ameríku til þess að sjá þau öll, vegna þess hve lík þau eru orðin. Sem betur fer er maður þó að byrja að sjá merki þess að menn séu farnir að átta sig á því að þjóðleg kynni geti verið alþjóðleg og að verðmæti geti fundist víðar en á markaðstorgum galleríanna.

Þegar við Íslendingar lyftum af okkur oki núverandi stjórnmála-ástands og endurreisn efnahags- og menningarlífs hefst er ég viss um að við munum enn á ný, sem svo oft áður, sækja okkur kraft í þjóðleg menningarverðmæti til að byggja endurreisnina á.“

— Viltu meina að þegar stjórnmálaástandið er svona ótryggt, efnahagsstaðan slæm og óryggi fólks eins mikið og nú virðist vera endurspeglit það í listsköpun þjóðarinnar á þann hátt, að menn verði ekki eins stoltir af sinni þjóðlegu arfleifð?

„Já, listsköpun speglar oft það ástand sem ríkjandi er hverju sinni. Við bara sjáum það aldrei fyrr en seinna.“

Víðtal:
Súsanna Svavarsdóttir



tekts og biðja hann að teikna fyrir sig hús án þess að hann fengi greitt fyrir það. Það sama á að gilda um listamenn, vegna þess að sjálf sköpunin á listaverkinu fer fram í höfði listamannsins. Útfærslan er annað mál og stundum ekki unnin af listamönnum sjálfum.

Það mætti líka segja að meiri

gerð hefur þróast meira og meira yfir í frjálsega tjáningu, þar sem liturinn spilar æ meiri rullu. Teikningin hefur alltaf átt stóran sess í verkum mínum, en nú ekki eins greinilega, heldur á bak við. Nú orðið má segja að ég sé meira á höttunum eftir tilfinningaflæði.

Emaléruð myndverk eru yfirleitt samsett og feykilega stór, því

af þeirri hugmynd að þarna hefðu oft örlög verið ráðin. Ég féll fyrir þessari stemmningu og segi við húsameistara: „Hér væri spennandi að gera verk.“ Það verður svo að samkomulagi að ég geri skissur fyrir stigaganginn; á vegg sem hefur mjög fallega norðurbirtu. En þegar ég byrja að skissa kemst ég fljótt að þeirri niðurstöðu að hugmyndin gæti aldrei skilað sér í skissu og geri, upp á mitt eindæmi, mynd í fullri stærð.

Þessa mynd sýndi ég svo húsameistara og hann verður strax hrifinn, enda mjög listelskur maður. Síðan skoðaði forseti Hæstaréttar myndina, sem þá var Magnús Torfason, ásamt fjórum öðrum hæstaréttardómurum. Ég fékk nú lítil viðbrögð frá þeim og engin

svör um það hvort þeir vildu myndina eða ekki. Ekki einu sinni hvort þeir vildu prófa myndina á þessum stað.

Þannig að ég hugsa að þetta sé eina listaverkið á Íslandi, sem hefur verið dæmt óhæft af fimm hæstaréttardómurum.

Sem betur fer er ég nú ekki eini málari á Íslandi sem hefur orðið fyrir þróingsnýni landans, því hver man ekki eftir viðtökum altarisöfnunnar sem Kjarval gerði og viðkomandi sóknarnefnd hafnaði. Myndinni var hafnað vegna þess að umhverfi Krists og persónurnar í myndinni voru sótt í íslenskan veruleika; íslensk bændaandlit prýddu andlit Krists og lærisveinanna...

... Heyrðu annars, þú mátt ekki skilja þetta sem svo að ég sé að setja mig á stall með Kjarval. Þetta eru fremur sögur um hliðstæð viðbrögð fólks en okkur sem málara. En ég hafði óskaplega gaman af að gera þessa mynd og hún er full af táknum. Ég var allur í symbolismanum þá og þessi mynd leiddi mig inn í fleiri myndir. En nú er ég aftur komin frá symbolismanum.“

— Já, þú sagðist leggja áherslu á tilfinningaflæði. Einhverjar sérstakar tilfinningar öðrum fremur?

„Það er nú það. Veistu það, að þegar Íslendingar fjalla um myndlist hættir þeim til að setja alla hluti upp í söguform, sérstaklega hin seinni ár. Það hefur eiginlega komið fram ný stétt manna hér og þá meina ég hina ungu listsagnfræðinga. Það er mjög sjaldgæft að sjá þá fjalla um myndina sem slíka, heldur er oftast leitast við að setja myndir í samband við einhverja listastrauma og -stefnum sem ganga yfir listaheiminn — oft-